

32. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 3. október 2001 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og bauð velkomna Þórunni Sigþórsdóttur til starfa. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

- a) Gunnar fór yfir vinnuskipulag og hópavinnu nú í upphafi skólaárs. Brunavarnir eru í vinnslu í barnaskólanum við Skólastíg og framundan allsherjar brunaæfing í báðum skólunum.

Þá greindi Gunnar frá auknum tækjakosti í Fjölbrautaálmum sem keyptur var fyrir styrk sem skólanum barst frá fráfarandi 10. bekk.

Danskennsla fer af stað 4. október. Íþróttadagur nemenda í 5.-7. bekk verður í næstu viku í Grundarfirði.

Þá eru framundan samræmd próf hjá 4. og 7. bekk í stærðfræði og íslensku. Gunnar sagði frá því að G.S.S. hefði orðið fyrir valinu í verkefni í tengslum við "Opinn Háskóla" sem fer fram nú í október.

Samstarfsdagur skólanna á Nesinu verður föstudaginn 26. október nk. hér í Stykkishólmi.

- b) Nanna Einarsdóttir las skýrslu Sigrúnar sem boðaði forföll.

Starfsmannamál og aðlögun barna gengur vel. Einnig varðandi erlend börn á leikskóla. Um áramót stefnir í að 59 börn verði á leikskólanum.

Starfið gengur vel og þakkar Sigrún það aðallega stöðugleika í starfsmannamálum.

Gunnar svaraði framkomnum fyrirspurnum varðandi grunnskóla.

2. Önnur mál.

- a) Formaður lagði fram bréf bæjarráðs, dags. 7.9.2001, þar sem ráðningar kennara og leiðbeinanda voru staðfestar.

- b) Bætt aðkoma að Grunnskóla við Skólastíg.

Formaður lagði fram bréf bæjarstjóra, dags. 3.10.2001 þar sem óskað er eftir umsögn fræðslunefndar um tillögu umferðarnefndar um breytta aðkomu að grunnskóla við Skólastíg.

Fræðslunefnd samþykkir að taka málið upp á næsta fundi.

- c) Rætt um stöðu erlendra nýbúa í skólakerfinu og samfélaginu.

- d) Næsti fundur ákveðinn 21. nóvember nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:50.

Róbert Jörgensen (sign.),
Þórunn Sigþórsdóttir (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Linda S. Sigurðardóttir (sign.),
Margrét Thorlacius (sign.),
Nanna Einarsdóttir (sign.),
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir (sign.).

Gunnar Svanlaugsson (sign.),
María Ólafsdóttir (sign.),
Herborg Sigurðardóttir (sign.),
Ragna Sólveig Eyjólfsdóttir (sign.),
Steinunn I. Magnúsdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.).